

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/67/31

frá 14. júlí 2011

um leiðréttingu á tilskipun 2010/19/ESB um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum varðandi hjól- og aurlífabúnað á tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, á tilskipun ráðsins 91/226/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB að því er varðar breytingu á viðaukunum við tilskipun 2007/46/EB (*)

(2011/415/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mistök voru gerð við samþykkt tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB frá 9. mars 2010 um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum varðandi hjól- og aurlífabúnað á tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, á tilskipun ráðsins 91/226/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽²⁾. Tilskipun 2010/19/ESB innleiddi samræmdar kröfur að því er varðar hjól- og aurlífur fyrir alla ökutækjaflokka sem falla undir tilskipun 91/226/EBE ⁽³⁾. Til samræmis við það var IV. og XI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB einnig breytt með þeirri tilskipun í því skyni að laga þá að tækniframförum. Þar sem þessum viðaukum hafði þegar verið skipt út með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1060/2008 frá 7. október 2008 um að skipta út I., III., IV., VI., VII., XI. og XV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tækni-

einingum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽⁴⁾, og breytt með ýmsum reglugerðum, hefði einnig átt að gera síðari breytingar með reglugerð. Því er rétt, í þágu lagalegs skýrleika, að leiðrétta tilskipun 2010/19/ESB.

- 2) Því ber að fella brott 2. gr. tilskipunar 2010/19/ESB.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæði 2. gr. tilskipunar 2010/19/ESB falli brott.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel, 14. júlí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 76. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 16.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 72, 20.3.2010, bls. 17.

⁽³⁾ Stjttíð. EB L 103, 23.4.1991, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 292, 31.10.2008, bls. 1.